

Annar fundur Umhverfisnefndar 2014-2015 haldinn 10. desember 2014 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Bríet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, Tómas Hrafn, Kristján Pétur, Böðvar Snær og Ólöf Ósk Fulltrúar starfsfólks Guðrún Sigurðardóttir starfsmaður og verkefnisstjóri og fulltrúi foreldra Sandra Brá Jóhannsdóttir.

Guðrún setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega nýja fulltrúa foreldra og áheyrnarfulltrúa foreldra Sunnevu Kristjánsdóttur.

Fyrst rifjaði Guðrún upp reglu fundarins um að rétta upp höndina til að fá orðið og las svo yfir síðustu fundargerð. Þá rifjuðum við upp hvað merki grænánans er táknrænt.

- Hringurinn getur táknað jörðina eða sólina.
- Tréð og maðurinn er eitt, maðurinn er hluti af náttúrunni og það er fólki lífsnauðsynlegt að fara vel með náttúruna.
- Bókin minnir okkur á að stundum vitum við ekki allt en verðum að lesa okkur til og læra.
- Litirnir geta líka táknað, grænt fyrir gróður sem er undirstaða alls lífs, blátt og hvítt fyrir hreint vatn og loft.

Á síðasta fundi kom Guðrún með hugmynd um að við myndum skoða hvað verður um laufblöðin sem falla af trjánum og fræðast um hringrás þeirra í bókum. Sem var samþykkt með öllum atkvæðum. Guðrún spurði hvort við hefðum gert það og jánkudu fundar menn því. Ólöf sagði okkur að laufblöðin breyttust í mold. Guðrún spurði hvernig við komumst að því hvað yrði um laufblöðin þegar þau falla af trjánum. Fundarmenn sögðust hafa séð það í bók og sýndu fulltrúum foreldra bókina.

Guðrún stakk upp á því að fyrir næsta fund myndum við lesa þjóðsögur meðal annars um systravatn og systrastapa. Tómas stakk upp á að við færum líka í vettvangsferðir til að skoða systrafoss.

Tillögurnar voru samþykktar af öllum fundarmönnum.

Guðrún þakkaði fyrir góðan fund og sagði fund slitinn.